

Til hamingju með nýja Angel Care Monitorinn. Angel Care Monitor eða Englavaktin er mest selda barnapíutæki í heimi og það eina í heimi sem skynjar hreyfingu barnsins auk hljóðs.

*Nursery Unit = vöggutæki*

*Parent Unit = foreldratæki*

*Sensor pad = hreyfiskynjari*

Notkunarleiðbeiningar:

### 1. Skref 1 Skynjaraplötur

- Skynjaraplöturnar eiga að vera tengdar saman. Gott er að hafa þær sitt hvoru megin við miðju dýnnar.
- Tengid svo löngu snúrana sem liggur frá plötunni við vöggutækið (engilinn) sem er merkt Sensor pad. Sú hlið á plötunum sem prentað er á **VERÐUR** að snúa upp.
- Ekki skal setja neitt annað en dýnuna ofan á plöturnar svo þær nái að virka eins og þær eiga að gera.

### 2. Skref 2 Vöggutæki (senditæki)

- Setjið 4 AAA rafhlöður í tækið (ef rafmagnið skildi fara af). Einnig er hægt að tengja það beint í rafmagn án þess að hafa rafhlöður. Tækið skiptir sjálfkrafa yfir á rafhlöður ef rafmagnið fer af.
- Tengid snúrana frá vöggutækinu í rafmagn.
- Aftan á vöggutækinu er hægt að velja 4 stillingar.
  - Hreyfing: Þá skynjar tækið einungis hreyfingar barnsins og þá mun hljóð frá barninu ekki berast í foreldratækið.
  - Hljóð/Hreyfing/Tikk: Heyrist hljóð sem barnið gefur frá sér, sést ljós og heyrst tikk í hvert skipti sem barnið hreyfir sig.
  - Hljóð/Hreyfing: Heyrist hljóð sem barnið gefur frá sér, sést ljós í hvert skipti sem barnið hreyfir sig en ekkert tikk heyrst.
  - Hljóð: Heyrist hljóð sem barnið gefur frá sér og ljós sést á foreldratækinu við hverja hreyfingu.
- Rásir. Hægt er að velja um 3 rásir. Rás A, B og C.
- Aftan á vöggutækinu er hægt að velja hversu næm skynjunin er frá 0-5. Búið er að velja skynjun sem hentar flestum dýnum og ráðlagt er að nota en hægt er að breyta því ef nauðsyn krefur. Ef rautt ljós blikkar þá er tækið ekki að skynja nógu vel hreyfingar barnsins. Ef tækið pípir og ekkert er að hjá barninu getur verið að endurskoða þurfi skynjunina eða að ástæðan sé að kveikt hafi verið á foreldratækinu áður en kveikt var á vöggutækinu.
- Til að fá næturljós (fjólublátt) á tækið þarf að ýta 1 sinni á takkann fyrir neðan hringinn. Þegar slökkt er á vöggutækinu og foreldratækið er enn í gangi mun foreldratækið pípa. Til að breyta því þarf að halda takkanum aðeins inni og þá mun fjólubláa ljósið blikka og þá á tækið ekki að pípa. Til að breyta því aftur þarf að framkvæma sama hlutinn.

ATH ef barn er inni í herbergi hjá foreldrum er nóg að hafa aðeins vöggutækið í gangi því það mun pípa eins og foreldratækið ef engin hreyfing er skynjuð eftir 20 sekúndur. Foreldrar geta þá fylgst með vöggutækinu og séð ljósið blikka í hver skipti sem barnið hreyfir sig.

### 3. Skref 3 Foreldratæki

- Setjið 3 AAA rafhlöður í tækið eða stingið snúrunni í samband við rafmagn.
- Hægt er að velja um nokkrar stillingar hljóðstyrks.
- Tækið drífur 120 metra frá vöggutæki.

ATH foreldratækið mun ekki fara í gang nema hljóð heyrast frá barninu. Því mun stöðugt suð ekki heyrast í tækinu eins og flestum öðrum tækjum sem veitir meiri hvíld.

ATH foreldratæki verður að vera stillt á sömu tíðni (A, B eða C) eins og vöggutækið til að það starfi rétt og kveikja þarf alltaf á vöggutækinu áður en kveikt er á foreldratækinu.

### 4. Skref 4 Notkun tækisins

- Setjið barnið í rúmið eða vögguna og kveikið á tækjunum (vöggutæki og foreldratæki). Ef móttakan er ekki skýr stillið þá á aðra tíðni. **Gætið þess að bæði tækin séu stillt á sömu tíðni.** Þegar barnið er tekið úr rúminu þarf að slökkva á tækinu því annars mun tækið gefa frá sér viðvörunarhljóð (tikk hljóð) eftir 15 sekúndur og pípa 5 sekúndum seinna.
- Til að koma í veg fyrir suð eða ískur er gott að hafa tækin að minnsta kosti 3 metra frá hvort öðru.

### 5. Skref 5 Rafhlöðu virkni

- Þegar tækið er tekið úr sambandi við rafmagn skal passa að slökkva á því svo það færi sig ekki á rafhlöðu virkni.
- Tækið mun sjálfkrafa færa sig yfir á rafhlöðu virkni ef rafmagn fer af og þurfa þá rafhlöður vera til staðar í báðum tækjunum. Þegar appelsínugult ljós myndast í stað þess græna gefur tækið til kynna að skipta þurfi um rafhlöður eða tengja tækið beint í rafmagn.

Angel Care Monitor er fullkomlega öruggt barnapítæki. Það ber *ekki* með sér neina rafstrauma eða tíðni til barnsins.

Ekki er ráðlagt að hafa raftæki nálægt vöggutækinu sem gæti valdið titringi eða truflun sem gæti veitt tækinu rangar upplýsingar um hreyfingar barnsins, sem dæmi órói. Þráðlaust net getur líka valdið truflunum.

Athuga skal vel að Angel Care Monitor kemur aldrei í stað foreldra og því verður einhver að vera heima til að fylgjast með barninu.

ATH Ekki má nota 1 tæki, Sound and Movement Monitor, fyrir 2 börn í sama rúmi.

Lausn fyrir tvíbura væri sú að vera með 1 tæki sem nemur hljóð og hreyfingu barnsins og annað sem nemur einungis hreyfingu þess.